

## „TILVÍSUNARTENGINGIN“ OG Í BÓKUM HALLDÓRS LAXNESS

### 1. INNGANGUR

Fáir munu treysta sér til að svara því hvað geri stíl Halldórs Laxness frábrugðinn stíl annarra manna. Pótt bækur hans séu hver annarri ólíkar, og stíll þeirra eftir því mismunandi, þykjast margir alltaf geta séð Laxness skína í gegn, því að ýmis einkenni stílsins séu alltaf fyrir hendi og leyni sér ekki. En hver eru þau þá?

Hér verður ekki reynt að svara þeirri spurningu, heldur tekið til athugunar eitt þeirra fáu sem liggja í augum uppi. Það er notkun Laxness á aðaltengingunni og þar sem flestir myndu hafa tilvísunartengingu, <sup>1</sup> sem eða er: <sup>2</sup>

- (1) . . . þetta mjólkurkaffi var aldrei gert sætt, heldur át maður með því rauðan kandíssykur og er í rauninni það eina sælgæti sem ég hef metið sem vert er um dagana . . . (Úngur eg var, 55)
- (2) Nú stóð mér reyndar opin leið í lærdómsdeild Mentaskólans og heyrdi undir venjulega námsbraut embættismanna . . . (Sjömeistarasagan, 9)

Hér verður fyrst, í 2. kafla, athuguð notkun Laxness á tilyísunartengingum í ýmsum bókum sínum, og sýnt hvernig dæmum um þessa notkun og fer mjög fjölgandi í síðustu bókum skáldsins. Síðan er í 3. kafla fjallað um hvernig greina beri og í slíkum setningum, og hvaða takmarkanir séu á notkun þess sem

tilvísunartengingar að fornu og nýju. Niðurstöður eru svo dregnar saman í 4. kafla.

### 2. TALNING TILVÍSUNARTENGINGA

#### 2.1 Aðferðir

Til að athuga notkun Laxness á tilvísunartengingum voru skoðaðar allar skáldsögur hans sem í frumútgáfu báru sérstakt heiti, svo og endurminningabækurnar fjórar frá síðasta áratug, „essay-rómanarnir“ svonefndu; alls 25 bækur. Aðferðin var sú, að taldar voru 100 fyrstu tilvísunartengingarnar í hverri bók, og niðurstaðan sett í töflu.

Nú er slík talning ekki alltaf einföld handvinna. Mörkin milli tilvísunarsetninga annars vegar og samanburðarsetninga, tíðarsetninga, skýringarsetninga og liðfelldra aðalsetninga hins vegar eru oft óljós. Ég fór þá leið að hafa tilvísunarsetningar sem fæstar; þ.e. taldi það eitt tilvísunarsetningar sem máltilfinningin sagði mér að útilokað væri að greina á annan veg. Ef farin hefði verið hin leiðin, að telja allt tilvísunarsetningar sem mögulegt var, hefði hlutfall og sem tilvísunartengingar hækkað talsvert, því að mikið er af setningum á við þessar:

- (3) Karlinn var trékarl með plukkur í augnastað og hét Palli í Nesi (Heiman ég fór, 12)
- (4) Oft var í félagsskap hans glaðvært fólk, en sjaldan hávært, og hafði lángar setur í tjaldinu (Grikklandsárið, 47)

Pessar setningar liggur beinast við að túlka þannig að hér sé ekki tilvísunareyðing á ferðum (sbr. Höskuldur Práinsson 1980:65—6, 87—8), heldur sé frumlagi þeirrar seinni sleppt vegna þess að það er hið sama og í þeirri fyri, eins og altítt er (sbr. t.d. Jakob Jóh. Smári 1920:31, Eiríkur Rögnvaldsson 1982). Þá er seinni setningin ekki tilvísunartenging, heldur hliðskipuð aðalsetning (sjá um sams konar greiningarvandamál t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1982:29—30). En niðurstöður talningaránnar koma fram í eftirfarandi töflu:

Útg. ár	BÓK	%	tilvísunartenging		
			sem	er	og
1919	Barn náttúrunnar	35	95	5	
1924	Undir Helgahnúk	20	97	2	
1952	Heiman eg fór <sup>3</sup>	47	87	13	
1927	Vefarinn mikli frá Kasmír	7	96	4	
1931	Pú vínviður hreini	16	98	2	
1932	Fuglinn í fjörunni	9	98	2	
1934	Sjálfstætt fólk	5	94	5	
1937	Ljós heimsins	29	98	2	
1938	Höll sumarlandsins	15	100		
1939	Hús skáldsins	18	99	1	
1940	Fegurð himinsins	15	97	2	1
1943	Íslandsklukkan	31	97	1	2
1944	Hið ljósa man	15	99	1	
1946	Eldur í Kaupinhafn	19	98	2	
1948	Atómstöðin	21	100		
1952	Gerpla	5	33	67	
1957	Brekukotsannáll	10	95	5	
1960	Paradíssarheimt	11	92	8	
1968	Kristnihald undir Jökli	22	92	6	2
1970	Innansveitar- kronika	30	94	6	
1972	Guðsgjafabúla	20	94		6
1975	Í túninu heima	12	92		8
1976	Úngur eg var	12	93		7
1978	Sjömeistarasagan	13	90		10
1980	Grikklandsárið	12	84	2	14

## 2.2 Niðurstöður

Eins og sjá má er fyrsta dæmi mitt um notkun og þar sem mér fyndist verða að vera tilvísunartenging úr *Fegurð himinsins* frá 1940:

- (6) Héðan sá yfir Bervíkurhrepp, þessa litlu afskektu bygð með sínu fátæklega undirlendi, söndum við hafnlausa vogmyndaða strönd byrgða gróðurlitlum fjöllum tveim megin, og átti í kaupstað að sækja um skarð, í annað hérað (*Fegurð himinsins*, 7)

Sams konar notkun og kemur fyrir í næstu bók Laxness, *Íslandsklukkunni*, en síðan hef ég ekki fundið dæmi hennar fyrr en í *Kristnihaldi undir Jökli* frá 1968. Þess ber þó að gæta að eins og sést á töflunni hefur aðeins líttill hluti texta hverrar bókar verið kannaður, allt niður í 5%, og því er ekki hægt að fullyrða að títtnefnd notkun og komi hvorki fyrir fram að 1940 né milli 1943 og 1968. Hitt er þó ljóst að hún hefst fyrir alvöru um 1970 og eykst jafnt og þétt allan síðasta áratug, uns hún kemst upp í 14% í síðustu bókinni, *Grikklandsárinu*.

Hlutfallið milli *sem* og *er* helst nokkuð svipað fram um 1970, þegar *er* hverfur að mestu. Frá þessu er þó ein undantekning, sem er *Gerpla*; þar er *er* notað í 2/3 tilvika. Þetta er skýrt dæmi um hvernig Laxness lagar stílinn að söguefninu; í íslensku 13. aldar ritmáli yfirgnæfir *er sem* (í Njálu er *er* t.d. notað í 4/5 tilvika, sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1982:29).

Önnur tilvísunarorð er vart að nefna; eitt dæmi fannst um *að* (í *Sjálfstæðu fólkis*) og annað um *eð* (í *Undir Helgahnúk*), en bæði þessi smáorð voru áður notuð sem tilvísunartengingar í íslensku (sbr. Höskuldur Práinsson 1980:68). Þá voru einstöku dæmi um að tilvísunartengingar væru tengdar með spurnarfornöfnum, en þeim var sleppt úr

talningunni og aðeins taldar tengingar (sbr. Höskuldur Práinsson 1980:91—2).

### 3. GETUR OG VERIÐ TILVÍSUNARTENGING?

#### 3.1 Tveir greiningarmöguleikar

Íslenskum tilvísunarsetningum og tengiðum þeirra hafa nýlega verið gerð ræki-leg skil í grein Höskuldar Práinssonar (1980; sjá einnig Helgi Skúli Kjartansson 1981, Halldór Árman Sigurðsson 1981). Merkasta niðurstaða Höskuldar er sú að smáorðin *sem* og *er* séu ekki tilvísunar*fornöfn* eins og vanalega hefur verið haldið fram, heldur tilvís-unartengingar. Mér virðist þessi niðurstaða svo traust að henni verði tæpast mótmælt. Hún svarar hins vegar ekki þeirri spurningu sem við þurfum hér að glíma við; hvernig greina beri *og* í setningum eins og (1), (2) og (6) hér að framan. Nú er þess að geta, eins og fram kemur í 3.3 hér á eftir, að þessa notkun *og* er ekki eingöngu að finna í ritum Laxness; hún kemur líka fyrir í fornu máli (Höskuldur Práinsson 1980:73 nm., 84; Knudsen 1967:73—4; Jakob Jóh. Smári 1920:208). Við greiningu slíkra setninga virðast einkum tvær lausnir hugsanlegar:

- (7) *og* er þar raunveruleg tilvísunartenging; þ.e. aðaltengingin *og* hefur, auk síns venjulega hlutverks, einnig tekið að sér hlutverk tilvísunartengingar. Petta væri já hliðstætt við það þegar samanburðartengingin *sem* fékk tilvísunamerkingu (sjá Haraldur Mattiásson 1959:79—85), en hélt einnig sínu gamla hlutverki sem samanburðartenging og heldur enn.
- (8) *og* er þar aðaltenging, þ.e. jafngildir að merkingu röktengingunni *&*, eins og hún gerir yfirleitt (sjá Eiríkur Rögnvaldsson 1981:10—11). Sú til-

vísunamerking sem *og* virðist stundum hafa er tilkomin vegna ummyndana, sem breyta gerð setninganna frá djúpgerð til yfirborðsgerðar.

I þessum kafla verður leitast við að gera upp á milli þessara lausna. Athugað verður hvort alltaf sé hægt að nota *og* í stað *sem*; síðan er litið á notkun *og* í tilvísunamerkingu í fornu máli, hvaða reglur gildi um hana, og hvort þær gildi einnig hjá Laxness. Með hliðsjón af því sem fram kemur er síðan lausn (8) valin, og athugað hvaða ummyndanir séu þarna að verki.

#### 3.2 Er alltaf hægt að nota og í stað *sem*?

Setningafræðilegt hlutverk tilvísunartenginganna *sem* og *er* virðist vera nákvæmlega hið sama; ég veit engin dæmi þess að aðeins sé hægt að nota aðra þeirra í einhverri setningu, en hin sé útilokuð. Að vísu er *er* næringöngu bundin við ritmál, en þar er ekki um setningafræðilegan mun að ræða, heldur stílmun. En hvernig er með *og*? Gæti Laxness alltaf sett *og* í stað *sem* eða er án þess að breyta setningunni að öðru leyti?

Hér stöndum við frammi fyrir ýmsum sömu vandamálum og þeir sem fást við sögu-lega setningafræði (sjá um það t.d. Lightfoot 1979:4—7); ekki er hægt að byggja á eigin máltilfinningu um hvaða setningar séu tækar og hverjar ekki, heldur verður að draga ályktanir af þeim texta sem fyrir liggar. Og það er oft erfitt, því að hættulegt getur verið að draga almennar ályktanir af þögn textans um ákveðið atriði. Þótt við finnum engin dæmi um *og* í stað tilvísunartengingar í ákveðinni setningagerð er ekki þar með sagt að Laxness geti ekki notað *og* í beim setningum; það gæti bara verið til-viljun að það kemur ekki fram í dæmasafni okkar. Þegar öllu er á botninn hvolft hef ég ekki athugað nema um 100 dæmi alls um þessa notkun *og* hjá Laxness, svo að ýmislegt getur hafa farið framhjá mér. Hér skal ég þó

telja upp nokkur sambönd þar sem *og* er aldrei notað sem tilvísunartenging í dæmasafni mínu úr ritum Laxness:

- (9) a Í samböndum atvikslegrar merkingar: þar sem, hver sem, hvenær sem, þaðan sem
- b Pregar tilvísunarsetning stendur með frumlagi sem ekkert ákvæðisorð fylgir: kvæðin sem hann flutti...
- c Pregar tilvísunarsetning stendur með frumlagi sem hliðstætt ábendingarfornafn fylgir: þau orð sem . . . , þá parta sem . . .
- d Í klofningarsetningum (cleft sentences, sjá Höskuldur Práinsson 1979:76—91): það var þennan tón sem . . . , það væri ákvæðaskáldið sjálft sem . . .

Fleiri setningagerðir mætti nefna, en þetta verður að duga. Við skulum nú snúa okkur að því að athuga tengsl milli notkunar Laxness á *og* sem tilvísunartengingu og svipaðrar notkunar *og* í fornu máli.

### 3.3 og sem tilvísunartenging í fornu máli

Hvað segja málfræðibækur um notkun *og* í stað *sem* og *er*? „Tengingen ok (og) er oftlega (einkum í formmálinu) höfð til þess að bæta aukaatriði við aðalfrásögnina, þar sem hafa mætti tilvísunarfornafn“ segir Jakob Jóh. Smári (1920:208). Hann nefnir dæmi:<sup>4</sup>

- (10) Geirrøðr konungr átti þá son, túvetra gamlan, ok hét Agnarr (Grímnismál)
- (11) Ekki voru fleiri í stofunni, nema Guðrún ráðskona, og fægði tindiska (Maður og kona)

Í slíkum setningum er eðlilegast að líta svo á að persónufornafni sé sleppt úr seinni setningunni (eða „eytt“, ef við gerum ráð fyrir

mun djúperðar og yfirborðsgerðar); ef því er skotið inn koma út setningar sem eru tækar í nútímmáli:

- (12) Geirrøður konungur átti þá son, túvetra gamlan, og *hann* hét Agnar.
- (13) Ekki voru fleiri í stofunni, nema Guðrún ráðskona, og *hún* fægði tindiska.

Nú er það alkunna að ýmsar slíkar eyðingar sem altíðar voru í formmáli ganga ekki í nútímmáli; og er það alls ekki bundið við setningar eins og hér að ofan. Um þetta má t.d. lesa hjá Nygaard (1966:8—26), Kossuth (1978:451) og Jakobi Jóh. Smára, sem segir (1920:31): „Að fornu var fruml. í 3. pers. stundum slept, ef það kom fyrir í samsíða setningu á undan sem *andlag*, eða í öðrum undirskipuðum samböndum; þetta er nú sjaldgæft mjög . . .“ Dæmi:<sup>5</sup>

- (14) Var þat ráð konungs at rjúfa leiðangrinn, ok gaf ..... þá hverjum manni heimleyfi (Heimskringla)

Og Smári heldur áfram: „ENN fremur var fruml. í 3. pers. stundum slept úr auka-setningu, ef það kom fyrir í aðalsetningunni á undan (sem frumlag, andlag eða á annan veg)“ (1920:31—2):

- (15) Pá tóku þeir Skarpheðinn ok Kári ok Grímr brandana, jafnskjótt sem ..... ofan duttu (Njála)

Við siáum því að slík fornafnsevðing er mun viðtækari en svo að hún leiði alltaf til setninga sem líkjast tilvísunartengingum, eins og (10) og (11). Eyðingin er heldur ekki bundin við frumlag; einnig var hægt að evða andlagi, fallorði forsetninga og fleiri liðum í mun ríkari mæli en í nútímmáli (Jakob Jóh. Smári 1920:33, Nygaard 1966:16—19). Stundum leiðir þetta til þess að út kemur

setning sem svipar til tilvísunarsetninga, eins og (16); en svo þarf ekki að vera, sbr. (17):

- (16) Honum var fengin leynilega harpa, ok sló hann ..... með tánum (Snorra-Edda)
- (17) Þá gekk Hyrrokkin á framstafn nökkvans ok hratt ..... fram í fyrsta viðbragði (Snorra-Edda)

Knudsen (1967:73—4) telur að með hliðsjón af setningum á við (10) hafi menn farið að túlka *ok* sem tilvísunartengingu: „Fikk her den siste setning etterstilt verbum og i det hele bisetnings ordstilling — i samsvar med den *logiske* underordning — kunne *ok* lett bli oppfattet som relativpartikkel i likhet med *er* og bli brukt i slik funksjon.“ Í þessum orðum Knudsens er gefið í skyn að menn hafi farið að nota *og* sem tilvísunartengingu á sama hátt og *er*. Eins og áður segir væri þetta þá hliðstætt við það þegar samanburðartengingen *sem* verður að tilvísunartengingu. Tvennt bendir þó til að þetta sé alls ekki hliðstætt:

Í fyrsta lagi er það, að *sem* gengur inn í öll sambönd þar sem *er* getur staðið sem tilvísunartenging. Hins vegar hef ég ekki séð úr fornu máli dæmi um *og* í blutverki tilvísunarorðs nema þar sem hægt er að líta svo á að fornafn hafi verið eytt. Ef menn hefðu í raun og veru farið að túlka *og* sem tilvísunartengingu, mætti búast við að það væri notað í öllum samböndum þar sem tilvísunartenginga er þörf, eins og þróunin varð með *sem*.

Annað er það, að í nútímmáli hefur *sem* að mestu leyti útrýmt *er*, a.m.k. úr talmáli. Notkun *og* sem tilvísunartengingar virðist hins vegar alltaf hafa verið mjög takmörkuð, og kemur vart fyrir í nútímmáli nema hjá Laxness (og e. t. v. einhverjum sem stæla hann). Knudsen segir að vísu (1967:74): „Ogsá i nyislandsk kan *og* ha relativ betyd-

ning“; en ekki er ólíklegt að hann eigi þar við málfar Laxness. Eins og áður er komið fram eru ýmiss konar eyðingar mun takmarkaðri í nútímmáli en fornmáli. Ef *og* er alltaf aðaltenging, er því eðlilegt að setningar þar sem hún virðist vera tilvísunartenging (eins og (10)) hverfi úr málinu þegar eyðingum fækkar. Hafi hins vegar verið farið að túlka *og* sem tilvísunartengingu á sama hátt og *er* (og *sem*), er engin ástæða til að hætta að nota hana í því hlutverki, þótt eyðingum fækki.

Af þessu dreg ég þá ályktun að *og* hafi í raun og veru aldrei verið tilvísunartenging í fornu máli, nema á yfirborðinu; í djúpgerð hafi hún allan tímann verið aðaltenging, eins og hún er enn. Til að styrkja þessa niðurstöðu hefði auðvitað þurft að leita dæma um *og* í stöðu tilvísunartenginga frá ýmsum tínum, og sýna fram á að fækkan þeirra staði í beinu sambandi við þrengingu eyðingarreglna. Það er hins vegar utan þess ramma sem ég setti athugun minni, enda mikið verk og seinunnið.

### 3.4 og *sem* tilvísunartenging bjá Laxness

Pá er að athuga hvort notkun Laxness á *og* sem tilvísunartengingu samræmist þeim reglum sem virðast hafa gilt í fornmáli, og hvort sama greining á stöðu hennar eigi við hjá honum. Hér á undan var því slegið föstu að þegar *og* virtist vera tilvísunartenging í fornmáli stafaði það af fornafnseyðingu; en nú vitum við að slíkar eyðingar sem til þarf eru yfirleitt ekki leyfilegar í nútímmáli. Til að geta gert ráð fyrir eyðingu í setningum eins og (1) og (2) þyrftum við því að finna í verkum Laxness dæmi á við (14), (15) og (17); þ.e. dæmi um eyðingu frumlags eða andlags sem ekki samræmist venjulegum eyðingarreglum nútímmamáls, en leiðir þó ekki til tilvísunarsetningar. Og þau eru til:

- (18) . . . ég sé morauðan hrút vaninhyrndan standa þarna einan sér og eingin önnur skepna neinstaðar nær, og .....

horfir á mig neðan úr dokkinni  
(Kristnihald undir Jökli, 36)

- (19) En nær dyrum stendur söðull hennar á grind, hið mesta þíng, aldrifinn hellusöðull, bogi og bríkur klædd látúni og drifið á ..... margskonar skraut . . . (Hið ljósa man, 8)
- (20) Í sumardvöl í Kanada lærði ég af vesturíslendíngum ferskeytu sem þeir kendu Káni sínum (KN), og ..... hef ekki heyrt síðan og aldrei séð á prenti (Sjömeistarasaragan, 19)
- (21) Ég sagði til mín og ..... væri nýkominn úr Svíþjóð og hefði ætlað að gista hjá gömlum hjónum í Vanlöse í nótt . . . (Guðsgjafapula, 32)

Eins og fyrr segir er elsta örugga dæmið sem ég hef fundið í ritum Laxness um *og* sem tilvisunartengingu frá 1940. Í bókum frá þeim tíma og eldri eru reyndar nokkur dæmi sem eru á mörkum þess að vera tæk í málí þeirra sem ekki geta notað *og* á sama hátt og Laxness:

- (22) Undir messulokin tíndist eitthvað af fólkini upp að altarinu, flest fermingarþögn og gamalmenni, *og* krupu niður . . . (undir Helgahnúk, 70)
- (23) Ein fjölskylda kom austanaf Rángárvöllum, hjón með fimm börn *og* höfðu étið upp kvígildin og ætluðu til frændfólks síns suðrí Leiru í von um fisk (Íslandsklukkan, 73—4)
- (24) Í dyrunum stendur lítill maður vel-vaxinn, prestklæddur, þeldókkur, svarbrýndur með rauðar varir *og* hefur tamið sér seinar hreyfingar (Íslandsklukkan, 103)

Í mörgum þessara elstu dæma er eitthvert

innskot milli nafnorðsins og setningarinnar sem á við það, þannig að venjuleg tilvísunar-setning með *sem* yrði oft óeðlileg. En í seinustu bókum Laxness eru slíkar setningar algengar án þess að um nokkur innskot sé að ræða:

- (25) . . . en hann átti kú sem ég sá ekki heldur og vissi ekki hvað var, og við keyptum úr henni mjólk að láta í emaléraða fötu *og* ég fékk aldrei að bera nema hún væri tóm (Í túninu heima, 10)
- (26) . . . í stað þess að hætta við bókar-skömmina í tíma hafði ég eytt ári í að lúka henni meðfram skólanámi, *og* meðal annars var í því falið að læra þrjú ný túngumál (Úngur eg var, 8)

Í eðlilegri nútímaíslensku er ómögulegt að túlka þessar setningar sem hliðskipaðar aðal-setningar, eins og hægt er með (3) og (4). Ástæðan fyrir þeim mun er sú, að í (3) og (4) vísar frumlag seinni setningarinnar til frumlags þeirrar fyrri, og má því sleppa hinu seinna. Í (25) og (26) vísar frumlag seinni setningarinnar hins vegar til annars nafnliðar en frumlags í þeirri fyrri; en til að eyðing frumlags í hinni seinni af tveim hliðskipuðum aðalsetningum sé leyfileg í venjulegu nútímamáli verður það að vísa til *frumlags* hinnar fyrri, en ekki annars nafnliðar (samanber Kossuth 1978:451).

Pótt ég hafi ekki safnað svo mörgum dæmum sem skyldi, sýnist mér notkun *og* í stað *sem* ekki eingöngu mun algengari í síðustu bókum Laxness en hinum fyrri, heldur líka frjálsari; þ.e. koma fyrir í fjölbreyttari samböndum. Ef við viljum halda því fram að barna sé alltaf um eyðingu að ræða, væri mjög æskilegt að geta sýnt fram á aukið frelsi til ýmissa eyðinga í seinni bókunum. Ég held reyndar að það sé hægt, þótt ég skuli fúslega játa að ég hef ekki safnað slíkum dæmum

skipulega. En til viðbótar þeim sem talin eru í (18)—(21) má nefna þessi:

- (27) Nú stend ég á Ráðhúsplássinu að bíða eftir sporvagni og ..... fara til gömlu hjónanna í Vanlöse þar sem mig hafði einlægt dreymt ég ætti innhlaup fyrir 4 krónur á mánuði . . . (Guðsgjafaþula, 7)
- (28) Hann var auðsjáanlega að hugsa eitt-hvað sérstakt, horfði niðurfyrir sig og þrýsti íbenviðarstafnum með olnbog-anum uppað síðunni, ..... höndina í buxnavasanum . . . (Guðsgjafaþula, 8)
- (29) Hann tók yfrum axlirnar á mér með þeirri hendinni sem hann hafði síga-rettuna ..... . . . (Guðsgjafaþula, 10)
- (30) Ég bauð honum fjörutíu þúsund tunnur og ..... borga seinna . . . (Guðsgjafaþula, 35)
- (31) . . . spakmæli frelsa mann frá því að hugsa, nema þau séu sögð annaðhvort á raungum stað eða rángri stundu, og þó helst hvortveggja í senn, þeas bæði á raungum stað og á rángri stundu, gjarnan með sérstökum merkissvip og ..... draga niður í sér röddina (Grikk-landsárið, 40)

Hér er eytt ýmsum liðum sem ekki má sleppa í venjulegri nútímaislensku. Slíkar eyðingar eru lítt áberandi í eldri bókum Laxness; þar er aðallega um að ræða eyðingu frum-lags eða andlags sem hefur komið fyrir í undanfarandi setningum, sbr. (22)—(24).

Allt ber því að sama brunni hjá Laxness og í fornmálinu; *og* er allan tímann raunveru-leg aðaltenging. Ef það væri tilvísunarteng-ing, væri engin ástæða til að búast við að hún væri notuð oftar og í fjölbreyttari sam-böndum þótt eyðingum fjölgði. Sé það aðal-

tenging, er eðlilegt að auknar eyðingar leiði oftar til þess að upp komi sambönd þar sem og virðist vera tilvisunartenging.

### 3.5 Hverju er eytt?

Áður var þess getið að í setningum þar sem *og* virðist vera tilvisunartenging væri eðlilegt að líta svo á að eytt væri fornafni sem vísaði til nafnorðs sem áður væri komið, sbr. (1) og (2). Viða virðist þó önnur lausn liggja enn beinna við. Pessar setningar standa ott með nafnorðum sem takar einnig með sér annan ákvæðislið, viðurlag eða forsetningarlíð:

- (32) Meðan frókenin var úti gat umboðs-maður biskups varla haft augun af stríðstertunum þrem útbeldum af kruðrifí og voru samtals 60 cm í þver-mál (Kristnihald undir Jökli, 35)
- (33) Ennfremur er hún að borða úr aski fullum af graut *og* siður var að hafa í hnjam sér meðan maður át (Guðsgjafaþula, 24)
- (34) Ekkert man ég þegar við fluttum úr steinbænum við götuna og í nya tim-burhúsið uppi lóðinni, *og* enn stendur . . . (Í túrinu heima, 12)
- (35) Ég vissi líka um fólk, ögn eldra en ég, *og* hvorki átti bolla né disk, og börn-unum var skamtað á bert borðið . . . (Úngur eg var, 64—5)
- (36) . . . og sambýlismaður minn Siggi Einars var úti, kanski að hitta þessa ógurlegu dömu með hattinn mikla *og* hafði þekt Carúsó . . . (Sjömeistara-sagan, 16)
- (37) . . . og ég spilaði og saung um ferm-íngu við lag frú Elísabetar Jónsdóttur frá Grenjaðarstað *og* ég kyntist hjá

frú Valgerði á Mosfelli (Grikklandsárið, 25)

Stundum hefur verið gert ráð fyrir því að slíkir forsetningarliðir, einkunnir og viðurlög væru allt saman styttar tilvísunarsætningu (sjá t.d. Jón Gunnarsson 1973:95—6; sjá einnig um líkindi einkunna og viðurlaga við tilvísunarsætningu hjá Kristjáni Árnasyni 1980:85—7). Björn Guðfinnsson bendir líka á „til frekari leiðbeiningar við ákvörðun viðurlags, að það — ásamt ákvæðisorðum þess — *jafngildir* yfirleitt *tilvísunarsætningu eða tilðarsetningu*“ (1943:24—5). Við getum því hugsað okkur að í djúpgerð hverrar af setningunum (32)—(37) séu tvær hliðskipaðar tilvísunarsætningu, tengdar saman með aðaltengingunni *og*. Þá er tilvísunaronðinu yfirleitt sleppt í seinni setningunni, „*og ber að varast að endurtaka það á eftir tengingunum (og, en, eða)*“ segir Jakob Jóh. Smári (1920:203). Pannig væri t.d. (34) leidd af setningu á við:

- (38) Ekkert man ég þegar við fluttum úr steinbænum við götuna og í nýja timburhúsið *sem* var uppi í lóðinni, *og (sem)* enn stendur

Í þessari setningu, sem og hinum fimm, er því hægt að gera ráð fyrir að eytt sé *sem var* úr fyrri tilvísunarsætningu. En um leið og umsögninni er eytt hættir það sem eftir er (*uppi í lóðinni*) að vera sjálfstæð setning, og verður að forsetningarlið í aðalsetningunni, eins og í (34). Í stað þess að tengja saman tvær tilvísunarsætningu, eins og í (38), tengir *og* nú í yfirborðsgerð saman aðalsetningu og tilvísunarsætningu í (34); þ.e. hefur í yfirborðsgerð stöðu tilvísunartengingar.

### 3.6 Eyðingar og bömlur á þeim

Sjálfsagt verða ýmsir tortrygggnir á slíkar eyðingar orða og setningarliða, og spryrja sem svo: Hvernig getum við leyft okkur að tala

um einhverja „eyðingu“ í setningum á við (32)—(37); er ekki eðlilegast að gera ráð fyrir að djúpgerðin sé eins og yfirborðsgerðin? Ef við gerum ráð fyrir einhverjum slíkum „eyðingum“, erum við þá ekki komin út á hættulega braut og farin að fjarlægjast raunveruleikann ískyggilega? Er þá hægt að gera ráð fyrir alls konar setningarliðum í djúpgerð og eyða þeim síðan eftir þörfum með ummyndunum, þannig að þeir komi hvergi upp á yfirborðið?

Rókin fyrir því að gera ráð fyrir eyðingu í umræddum setningum eru raunar að nokkruleytí komin fram; með eyðingunni getum við skýrt hina afbrigðilegu notkun *og* hjá Laxness, og sagt fyrir um hvenær hægt sé að nota *og* sem tilvísunartengingu. En fleira hangir á spýtunni; við getum nefnilega líka sagt fyrir um hvenær *ekki* sé hægt að nota *og* í þessu hlutverki. Það er sem sé þegar við erum með setningar sem ekki er hægt að hugsa sér að séu leiddar af djúpgerð þar sem *og* er aðaltenging. Ef við lítum á setningagerðirnar sem taldar eru upp í (9), þar sem *og* kemur aldrei fyrir í tilvísunarmerkingu, sjá um við að þetta er einmitt sameiginlegt einkenni þeirra. Sé eyðingartilgátunni hafnað, er engin sérstök skýring sjáanleg á því að *og* skuli aldrei notað í tilvísunarmerkingu í þessum setningum.

Um eyðinguna er það að segja að auðvitað væri hægt að hugsa sér eyðingu heilla liða eða setninga; en slík eyðing er vanalega talin óleyfileg af því að hún er óafturkraf (non-recoverable deletion, sjá t.d. Höskuldur Práinsson 1979:310); þ.e., það er ekki hægt að vita hvort eða hverju hefur verið eytt. Pannig er óleyfilegt að segja að eyðingarummyndun geti verkað á setningu eins og *Hann kom í gær*, eytt atviksliðnum og gefið *Hann kom*. Aftur á móti má eyða t.d. frumlagi seinni setningarinnar í tveim hliðskipuðum ef það hefur sömu tilvísun: *Jón kom og Jón drakk kaffi*; og fá út *Jón kom og drakk kaffi* (sbr. Höskuldur Práinsson 1980:88), af því að hér

er eyðingin afturkræf; ljóst er hverju hefur verið eytt. Um nauðsyn þess að gera ráð fyrir eyðingu í slíkum hliðskipuðum setningum má lesa hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1982); um ýmsar aðrar eyðingar í íslensku hjá Höskuldi Práinssyni (1979; einkum 5. kafli).

Ekki er annað að sjá en bæði fornafnseyðing og eyðing *sem er/var* séu afturkræfar. Að vísu getur stundum verið vafi um hvorri réttara sé að gera ráð fyrir í einstökum setningum, og kann það að virðast mótbára gegn eyðingartilgátunni. Ég held þó að svo þurfi ekki að vera, því að merkingarlega skiptir ekki máli um hvora eyðinguna er að ræða; og það eru einmitt einkum merkingarleg rök sem beitt hefur verið gegn óafturkræfri eyðingu (sjá Höskuldur Práinsson 1979:310).

### 3.7 Fastar og lausar tilvísunarsætningar

Að lokum er rétt að líta nánar á hvað einkenni títtnefndar tilvísunarsætningar tengdar með og merkingarlega; í hvers konar merkingartengslum við aðalsetninguna þær séu.

Stundum er gerður munur á *föustum* (restrictive) og *lausum* (non-restrictive) tilvísunarsætningum (og reyndar fleiri gerðum aukasetninga, sjá Haraldur Besson 1975). Kristján Árnason (1980:86) tekur sem dæmi tvíræðni setningarinnar *Eskimóar sem búa í snjóhúsum eru góðir veiðimenn*. Hlutverk tilvísunarsætningaránnar getur hér verið tvenns konar: Annars vegar að afmarka á-kveðinn hóp eskimóa, þ.e. þeir eskimóar sem búa í snjóhúsum eru góðir veiðimenn, og er þá gefið í skyn að til séu eskimóar sem ekki búi í snjóhúsum. Slíkar merkingarþrengjandi tilvísunarsætningar eru kallaðar *fastar*. Á hinn bóginn gæti setningin verið fróðleiks-moli sem ætti við um alla eskimóa og mætti umorða sem svo: Eskimóar búa í snjóhúsum, og þeir eru góðir veiðimenn. Þá væri um að ræða *lausa* tilvísunarsætningu.

Allar setningar sem ég hef fundið þar sem Laxness notar og sem tilvísunartengingu eru

af síðari gerðinni, þ.e. svipar til lausra til-vísunarsætninga. Við sjáum líka ef við athugum upptalninguna í (9), að þar er alls staðar um að ræða setningar þar sem tilvísunarsætningin hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera föst.

En er þetta tilviljun; er hugsanlegt að fastar tilvísunarsætningar séu tengdar með *og*, þótt ég hafi ekki fundið þess dæmi? Við fyrstu umhugsun gæti manni dottið í hug að svo væri, með hliðsjón af setningum eins og (39):

- (39) Ég hlustaði á kvæðin sem voru góð og skemmtileg og allir lofuðu

Tilvísunarsætningarnar geta hér bæði verið fastar og lausar; merkt annaðhvort að ég hafi bara hlustað á þau kvæði sem voru góð og skemmtileg og allir lofuðu, en ekki hin; eða verið nánari umsögn um kvæðin, en hafi ekki þrengjandi merkingu. Við gætum því í fljótu bragði búist við að með því að fella niður *sem voru* fengjum við tilvísunarsætningu tengda með *og* sem bæði mætti túlka sem fasta og lausa:

- (40) Ég hlustaði á kvæðin, góð og skemmtileg, og allir lofuðu

En svo er ekki; því að um leið og fyrri tilvísunarsætningin er orðin að viðurlagi í aðalsetningunni er hún aðeins til frekari fróðleiks en getur ekki þrengt merkinguna (sbr. Kristján Árnason 1980:85—7). Ekki nóg með það; þá er ekki heldur hægt að túlka seinni tilvísunarsætninguna, *og allir lofuðu*, sem fasta (merkingarþrengjandi) lengur, að ég tel.

Ef seinni tilvísunarsætningin væri aftur á móti tengd með *sem*, finnst mér gegna öðru máli:

- (41) Ég hlustaði á kvæðin, góð og skemmtileg, sem allir lofuðu

Hér liggur vissulega mun beinna við að telja tilvísunarsætninguna lausa, en hin merkingarþrengjandi túlkun er samt hugsanleg, þótt hún sé það ekki í (40). Af hverju stafar sá munur? Ég held að hann stafi af því að og sé í raun og veru aðaltenging í (40), sem tengi í djúpgerð saman tvær tilvísunarsætningar, sbr. (39); og þess vegna geti tilvísunarsætningin ekki verið merkingarþrengjandi frekar en viðurlagið sem hún tengist á yfirborðinu. Aftur á móti séu í djúpgerð (41) tvær tilvísunarsætningar sem séu óháðar hvor annarri, þótt þær eigi við sama nafnorð (*kvæðin*); þær hafi hvor sitt tengiorð (*sem*) en séu ekki hliðskipaðar, og því þurfi þær ekki endilega að vera sama eðlis (báðar fastar eða báðar lausar).

Pessi tilgáta stendur auðvitað völtum fótum, því að hún byggist á því að ég bý til og dæmi um setningu sem samræmist ekki mínu eigin málkerfi, b.e. (40). Slíkt verður þó oft að gera í sögulegri setningafræði og er raunar hliðstætt því sem t.d. latínukennrarar nútímans gera þegar þeir semja — og leiðréttá — latneskar setningar sem hvergi koma fyrir í textum (sbr. Lightfoot 1979:6). Þeir hafa auðvitað margfalt meira að styðjast við en ég, en eigi að síður er magn latneskra texta endanlegt, og þeir eru það eina sem við er að styðjast; ekki er hægt að höfða til máltilfinninga innfæddra. Pess vegna er sá möguleiki alltaf fyrir hendi að menn semji latneskar setningar sem enginn Rómverii fvrir 2000 árum hefði talið rétta latínu; þá hafa menn verið of díarfir að draga álvktanir af bögn textanna um eitthvert atriði. Hið takmarkaða dæmasafn mitt veldur hví að á dóumum mínum um mun (40) og (41) er lítið að bvggja; en bó hníga þeir í sömu átt og annað, b.e. henda enn til bess að *oð* sé aldrei raunveruleg tilvísunartenging, heldur aðaltenging.

#### 4. LOKAORD

Fleiri sérkenni á stíl Laxness snerta tilvísunarsætningar; þar má einkum nefna þann

sið hans að skilja eftir fornafn inni í tilvísunarsætningunni þegar um er að ræða eignarfallseinkunn (um slíkar setningar hjá Laxness og öðrum sjá t.d. Höskuldur Práinsson 1973, 1980:83; Ólafur M. Ólafsson 1979: 316—7; Helgi Skúli Kjartansson 1981:146):

- (42) Kanski hafði vilpan í bæardyrunum sem einginn vissi *hennar* dýpt ásamt foraðinu fyrir framan hlaðstéttirnar orðið henni ofjarl (Innansveitarkronika, 32)
- (43) Skrýtið að ég skuli enn muna að þessi maður sem ég sá bara frakkann *hans* og hattinn hét Sighvatur Bjarnason báenkastjóri (Í túninu heima, 22)

Einnig eru dæmi um að skilið sé eftir í tilvísunarsætningu fornafn sem er fallorð forsetningar (sbr. Höskuldur Práinsson 1980: 83; Ólafur M. Ólafsson 1979:316—7):

- (44) Já, og hefur meira að segja stolið sjálfri Skáldu, sem úr *þeirri* bók fundust fjórtán blöð í rúmbæli þinnar sálugu móður að Rein á Akranesi (Eldur í Kaupinhafn, 99)

Slíkar setningar eru athyglisverðar, en bær eru ekki viðfangsefni mitt nú og verða ekki skoðaðar meira hér. Meginniðurstöður mínar eru:

Notkun Halldórs Laxness á *oð* í stað *sem* er ekki frijáls, heldur lýtur ákveðnum reglum. Þessar reglur eru auðskildar, ef gert er ráð fvrir að og sé í raun og veru alltaf aðaltenging í slíkum dæmum, en evðing valdi hví að hún virðist tilvísunartenging í yfirborðsgerð. Ýmist er um að ræða evðingu fornafns sem vísar til nafnliðar í setningu á undan, eða evðingu tilvísunartengingarinnar *sem* og sagnarinnar *vera*; í báðum tilvikum er evtt úr hinni seinni af tveim hliðskipuðum setningum. Pessi niðurstaða stvðst við það að tittnefnd notkun og eykst

um leið og ýmsum eyðingum fjölgar í stíl Laxness; og einnig hitt, að slíkar setningar koma ekki fyrir í venjulegu nútíma-máli, enda eru þær eyðingar sem til þyrfti óleyfilegar nú. Hins vegar eru þessar eyðingar tíðar í fornu máli þar sem svipaðar setningar tengdar með og koma einnig fyrir.

„Íslandsklukkan vekur þann grun að mikil skáldverk íslensk verði hvorki rituð né skýrð án þess dregnir séu laerdómar af bókum þeirra manna sem lifað hafa í landinu“, segir Eiríkur Jónsson (1981:368) í lokaorðum sínum að Rótum Íslandsklukkunnar. Pað er athyglisvert að fyrstu dæmin um margnefnda notkun og sem tilvísunartengingar hjá Laxness eru frá um 1940, en einmitt um þær mundir hefur höfundurinn verið niðursokkinn í að lesa aragrúa gamalla rita sem hann síðan notat við ritun Íslandsklukkunnar (sbr. Eiríkur Jónsson 1981). Leiða má getum að því að það hafi verið fyrir áhrif frá þessum lestri sem hann tekur upp þessa fornu setningagerð, sem þá var aldaða í landinu. Í höndum Laxness þróast hún síðan í það að verða á síðustu árum eitt helsta sérkenni stíls hans.

#### NEDANMÁLSGREINAR:

1. Ég kalla *sem* og *er* hér alltaf tilvísunartengingar, en ekki tilvísunarformöfn eins og venja hefur verið. Ástæður þess koma fram í 3.1.
2. Tilvitnanir í bækur Laxness eru alltaf teknar úr frumútgáfum þeirra. Allar leturbreytingar í þeim eru mfnar.
3. Pessi bók er skrifuð 1924, þótt hún kæmi ekki út fyrr. Sjálfsgt þótti að miða fremur við ritunartíma en útgáfutíma í röðuninni.
4. Öll dæmi úr ritmáli, öðru en bókum Halldórs Laxness, eru tekin upp eftir Jakobi Jóh. Smára (1920) eða Nygaard (1966).
5. .... inni í setningum táknar hér og eftirleiðis að þar sé eyða; þ.e. þar hefur í djúpgerð verið einhver setningariður, sem síðan hefur verið eytt með ummyndun.

#### HEIMILDIR:

Björn Guðfinnsson. 1943. *Íslensk setningafræði*

- handa skólam og útvarpi. [2. útg.] Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.
- Eiríkur Jónsson. 1981. *Rætur Íslandsklukkunnar*. Hið íslenska bókmennatafélag, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1981. Um merkingu og hlutverk íslenskra aðaltenginga. *Mimir* 29:6—18.
- 1982. We Need (Some Kind of) a Rule of Conjunction Reduction. *Linguistic Inquiry* 13:3.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1981. Fleiryrtar aukatengingar? *Íslenskt mál* 3:59—76.
- 1982. *Skýrsla um athugun á nokkrum setningarlegum atriðum í Njálu*. Óprentuð prófritgerð við Háskóla Íslands, í eigu Málvísindastofnunar.
- Haraldur Bessason. 1975. On Restrictive and Non-Restrictive Clauses in Modern Icelandic. Karl-Hampus Dahlsted (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics 2*, s. 373—87. Almqvist & Wiksell International, Stockholm.
- Haraldur Matthíasson. 1959. *Setningaform og still*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1981. Athugasem um tilvísunartengingar. *Íslenskt mál* 3:145—6.
- Höskuldur Práinsson. 1973. Konan, sem dó. *Mimir* 20:44—52.
- 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland Publishing, Inc., New York.
- 1980. Tilvísunarformöfn? *Íslenskt mál* 2:53—96.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bóka-verzlin Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Jón Gunnarsson. 1973. *Málmþundunarfræði*. Iðunn, Reykjavík.
- Knudsen, Trygve. 1967. *Pronomener*. [Ný útg., fjölr.] Universitetsforlaget, Oslo.
- Kossuth, Karen C. 1978. Icelandic Word Order: In Support of Drift as a Diachronic Principle Specific to Language Families. *Proceedings of the Fourth Annual Meeting of the Berkeley Linguistic Society*, s. 446—57.
- Kristján Árnason. 1980. *Íslensk málfræði*. Fyrri hluti. Iðunn, Reykjavík.
- Lightfoot, David W. 1979. *Principles of Diachronic Syntax*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Nygaard, Marius. 1966. *Norrøn syntax*. [Fyrst útg. 1906.] H. Aschehoug & Co., Oslo.
- Ólafur M. Ólafsson. 1979. Viðurlag við tilvísunarfornafn í íslenzku og þýzku. *Söguslóðir*. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum, 18. september 1979, s. 315—24. Sögufélag, Reykjavík.